



PAI
TVÍKYNHNEIGÐ
LESBÍUR
HOMMAR
INTERSEX
TRANS
EIKYNHNEIGÐ
PANKYNHNEIGÐ
ÁR
LESBÍUR
TVÍKYNHNEIGÐ

REGNBOGINN DOFNAR EKKI MEÐ ÁRUNUM

Úrræði fyrir eldra hinsegin fólk

ALMENNT

Ert þú hommi, lesbía, tvíkynhneigð/t/ur, intersex eða trans? Hinsegin fólk fyrirfinnst í öllum lögum samfélagsins - og að sjálfsögðu einnig meðal eldra fólks á Íslandi.

Í hópi eldri borgara eru bæði einstaklingar sem hafa verið opin með þennan hluta tilveru sinnar allt sitt líf og einstaklingar sem hafa nýlega áttað sig á tilfinningum sínum eða nýlega horfst í augu við stöðu sína.

Samtökin '78 hafa á undanförnum árum lagt sig fram um að gæta hagsmuna eldra hinsegin fólks í auknum mæli.

Í þessum litla bæklingi má finna úrræði sem eldra hinsegin fólk getur leitað í til þess að finna samfélag og til þess að fá aðstoð eða stuðning.

FÉLAGSSTARF

Öldungadeildin, hópur homma, lesbía, tví-, pan- og eikynhneigðra, trans fólks og intersex fólks hittist að jafnaði þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 17 á Aldamótum Bar, Kirkjutorgi 4, 101 Reykjavík.

Einnig er Öldungadeildin með hóp á Facebook, en hann heitir *60+ hópur: Öldungadeildin*.

REGNBOGALÍNAN

763-7878

Það er alltaf gott að tala við einhvern sem skilur að regnboginn dofna ekki með árunum. Sjálfboðaliðar á vegum Samtakanna '78 eru við símann alla föstudaga milli 12 og 16.

RÁÐGJÖF

Samtökin '78 bjóða upp á gjaldfrjálsa og faglega ráðgjöf, þar sem hægt er að ræða allt á milli himins og jarðar. Hægt er að bóka tíma á samtökin78.is, eða með því að hringja í 552-7878 mán-fim á milli 9 og 11:30.

ÞINN RÉTTUR

Mismunun vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar er bönnuð samkvæmt íslenskum lögum.

Ef þú telur að brotið sé á þínum réttindum geturðu sent inn kvörtun á Jafnréttisstofu eða haft samband við Samtökin '78.

Ef þú verður fyrir fordómum t.d. í félagsstarfi eldri borgara eða af hálfu þjónustuaðila geta Samtökin '78 haft milligöngu um að greiða úr málum. Verið óhrædd við að hafa samband.

SAMTÖKIN '78 - FÉLAG HINSEGIN FÓLKIS Á ÍSLANDI

Tölvupóstfang: skrifstofa@samtokin78.is

Sími: 552-7878 (opinn mán-fim kl. 9-11:30)

Skrifstofa: Tjarnargötu 4 í Reykjavík (opin mán-fim kl. 13-16)